

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um fæðubótarefni, nr. 624/2004.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Við framleiðslu á fæðubótarefnum er eingöngu heimilt að nota þau vítamín og steinefni sem fram koma í I. viðauka reglugerðar EB nr. 1170/2009 sem innleidd var með reglugerð 1166/2011 og á því formi sem fram kemur í II. viðauka sömu reglugerðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr.

a. Í stað orðanna „viðauka 1“ í 1. mgr. kemur: I. viðauka reglugerðar EB nr. 1170/2009 sem innleidd var með reglugerð 1166/2011.

b. 2. mgr. orðist svo:

Uppgefið magn vítamína og steinefna og annarra efna með næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif í merkingu næringargildis skal vera það magn sem gefið er upp á merkimiða sem ráðlagður daglegur neysluskammtur. Magn vítamína og steinefna skal einnig gefið upp sem hlutfall af ráðlögðum dagskammti (RDS) eins og við á skv. reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, V. viðauka reglugerðar um barnamat fyrir ungbörn og smábörn og viðauka VII reglugerðar um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

3. gr.

Viðaukar 1 og 2 falla brott.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.